

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 13. apríl 2016 í máli nr. E-2298/2015:

Svanhildur Guðlaugsdóttir

(Sigurður Örn Hilmarsson hdl.)

gegn

Landsbankanum hf.

(Stefán Geir Þórisson hrl.)

I.

Mál þetta var höfðað 24. júní 2015 og dómtekið 17. mars 2016.

Stefnandi er Svanhildur Guðlaugsdóttir, til heimilis að Áshamri 41, Vestmannaeyjum, en stefndi er Landsbankinn hf., Austurstræti 11, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær **aðallega** að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 4.479.340 krónur, auk dráttárvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þingfestingardegi til greiðsludags. **Til vara** er þess krafist að stefndi greiði stefnanda 3.820.952 krónur, auk dráttárvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þingfestingardegi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, auk málskostnaðar.

II.

Með ákvörðun Fjármáleftirlitsins, dags. 29. mars 2015, var Sparisjóður Vestmannaeyja (SPV), sameinaður stefnda. Frá þeim tíma tók stefndi við rekstri, eignum og skuldbindingum SPV samkvæmt samkomulagi milli stjórnar sparisjóðsins og stefnda, um yfirtöku stefnda á SPV, dags. 28. mars 2015. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins var Sparisjóði Vestmannaeyja slitið frá og með 29. mars 2015.

Stefnandi máls þessa var á meðal 70 stofnfjäreigenda SPV þegar stofnfjárhækkun í SPV fór fram haustið 2007. Greiddi stefnandi atkvæði með stofnfjárhækkuninni á fundi sem haldinn var 9. október 2007.

Samkvæmt bréfi SPV til stefnanda, dags. 7. nóvember 2007, um *Áskrift að hækkun stofnfjár í Sparisjóði Vestmannaeyja*, ákvað stjórn SPV á stjórnarfundum þann 6. nóvember s.á. að nýta heimild frá stofnfjäreigendafundi þann 9. október s.á., til hækkunar stofnfjár. Fram kemur í bréfinu að stofnfjäreigendur, sem séu 70 talsins, eigi forgangsrétt til að skrá sig fyrir hækkuninni. Þá kemur þar einnig fram að Fjármálaeftirlitið hafi veitt undanþágu frá gerð útboðslýsingar með því skilyrði

að allt útboðið gangi til forgangsréttarhafa. Stofnfjáreigendur séu engu að síður hvattir til að kynna sér ársreikning SPV og önnur gögn áður en þeir taki ákvörðun um áskrift er liggi fyrir hjá skrifstofustjóra og sparisjóðsstjóra SPV. Í sama bréfi segir að bréfin verði gefin út með rafrænni skráningu hjá Verðbréfaskráningu Íslands, fyrir þá hluti er séu til sölu í útboðinu auk eldri hluta. Enn fremur er í bréfinu mælt fyrir um aukinn rétt til stofnfjárkaupa ákveði einhverjir að nýta ekki rétt sinn. Um lán í tengslum við stofnfjárkaupin segir í bréfinu að verði eftir því leitað eigi stofnfjáreigendur kost á láni hjá SPV fyrir kaupum á stofnfjárbréfum í útboðinu og að lánakjör séu í samræmi við útlánareglur SPV. Þeir sem þess óski, snúi sér til sparisjóðsstjóra, skrifstofustjóra eða forstöðumanns verðbréfasviðs.

Þann 28. nóvember 2007 ritaði stefnandi undir umsókn um áskrift að stofnfé SPV. Kemur fram í umsókn hennar að hún skrái sig fyrir hámarkshlut 5.000.000 króna, auk þess sem hún kjósi að nýta sér viðbótarrétt (hámarksrétt) sem myndaðist ef einhver stofnfjáreigandi kys að nýta sér ekki rétt sinn til stofnfjárukningar. Í umsókninni kemur fram að frestur til að skrá sig fyrir nýju stofnfé renni út þann 5. desember 2007 kl. 16:00 og að eindagi kaupverðs úthlutaðra stofnfjárhluta sé 14. desember 2007.

Til þess að greiða fyrir stofnfjárhækkun sína, tók stefnandi þann 12. desember 2007, lán hjá Glitni banka hf. að fjárhæð 5.150.000 krónur. Ritaði stefnandi undir skuldabréf til Glitnis banka hf., þar sem eiginmaður hennar skrifaði undir sem sjálfskuldarábyrgðaraðili.

Allir stofnfjáreigendurnir 70 tóku þátt og keyptu sínar 5.000.000 króna hver. Áttu stofnfjáreigendur þannig allir jafnan hlut bæði fyrir og eftir stofnfjárukninguna.

Eftirtaldir aðilar gáfu skýrslu fyrir dóminum: Svanhildur Guðlaugsdóttir, Kristín Sigurðardóttir, Garðar Arason, Kristján Gunnar Eggertsson, Stefán Sigurjónsson, Gísli Gunnar Geirsson, Óskar Ólafur Elísson, Þór Ísfeld Vilhjálmsson og Arnar Sigurmundsson.

III.

1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

1) Röng og villandi ráðgjöf

Stefnandi telur að starfsmenn SPV hafi haft milligöngu um að stefnandi tæki þátt í stofnfjárukningu í SPV haustið 2007, sem hafi falist í því að ráðleggja stefnanda að fjárfesta í SPV með lántöku, sem hafi leitt til tjóns stefnanda. Stefnanda hafi verið talin trú um að um væri að ræða trausta fjárfestingu. Það hafi verið forsenda stefnanda fyrir kaupunum og lántökunni að hún bæri enga persónulega ábyrgð á skuldbindingunum. Henni hafi verið sagt að arðgreiðslurnar dygðu til afborgana og

að bréfin sjálf stæðu til tryggingar. Hefði hún fengið réttar upplýsingar frá SPV hefði hún aldrei tekið þátt í stofnfjárukningunni. Telur stefnandi ljóst að helsta markmið SPV með stofnfjárukningunni hafi verið að verja SPV og um leið stjórn hans og aðra starfsmenn fyrir óvinveittri yfirtöku. Stefnandi kveðst hafa litla sem enga reynslu á sviði verðbréfavíðskipta og hafi því treyst ráðleggingum stjórnar og starfsmanna SPV. Aðstöðumunur hennar gagnvart SPV hafi því verið verulegur.

Stefnandi telur einnig að þar sem SPV hafi leitað eftir undanþágu frá útgáfu útboðslýsingar hjá FME á grundvelli 50. gr. þágildandi laga nr. 108/2007, hafi stjórn og starfsmenn stefnda talið stofnfjárukninguna til verðbréfavíðskipta og því hafi gilt um hana lög nr. 108/2007. Telur stefnandi að umsjón SPV með útboðinu hafi fallið undir 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna. Því hafi verið um verðbréfavíðskipti að ræða þegar stefnandi skráði sig fyrir stofnfjárhlutunum. Af þessu leiði enn fremur að ákvæði um fjárfestavernd, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2004/39/EB, um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID tilskipunin), sem hafi verið innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 108/2007, hafi gilt um víðskipti stefnanda og SPV.

Stefnandi kveðst hafa verið almennur fjárfestir samkvæmt 11. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 108/2007. Einnig telur stefnandi að SPV hafi brotið gegn vísireglu 5. gr. laganna og gegn 14. gr. laganna með því að veita stefnanda ekki greinargóðar upplýsingar um þjónustu sína og meðal annars þá áhættu sem fylgi fjárfestingum. SPV hafi borið að sjá til þess að stefnanda væri aðeins boðnar vörur sem hentuðu þekkingu hennar og bar einnig að tryggja að allar upplýsingar til hennar uppfylltu skilyrði reglugerðar nr. 995/2007, um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Þá hafi SPV brotið gegn 16. gr. laganna með því að SPV aflaði sér engra upplýsinga um þekkingu og reynslu stefnanda til þess að meta hvort viðkomandi tegund verðbréfavíðskipta hentaði stefnanda. Samkvæmt ákvæðum 15. og 16. gr. laganna hafi SPV borið að framkvæma áreiðanleikakönnun á stefnanda.

Stefnandi telur einnig að um starfsemi SPV hafi gilt lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. SPV hafi með háttsemi sinni brotið gegn 19. gr. laganna um eðlilega og heilbrigða víðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Þá hafi ákvæði 62. gr., sbr. 66. og 67. gr. sömu laga einnig verið brotin og 7. gr. samþykktu SPV, er hafi að geyma sömu reglu og fram komi í 62. gr. um að stofnfjárbréf skuli gefin út fyrir skráðum stofnfjárhlutum. Það stofnfé sem stefnandi skráði sig fyrir árið 2007 hafi aldrei verið gefið út, hvorki með rafrænum hætti né með útgáfu áritaðs stofnskírteinis. Um afleiðingar þessa vísar stefnandi til 10. og 39. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög þar sem hvorki hafi verið kveðið á um slíkt í samþykktum SPV né lögum um fjármálafyrirtæki. Bendir stefnandi á að hlutafélag geti ekki borið fyrir sig áskrift um hlutakaup ef reglum laganna um áskrift nýrra

hluta hafi ekki verið fylgt eftir.

Stefnandi telur auk þess að stefndi hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt 3.–5. þætti reglugerðar nr. 995/2007.

Telur stefnandi að fyrrgreind brot starfsmanna, sem tíunduð eru hér að framan, leiði hvert um sig og einnig samantekið til skaðabótaábyrgðar stefnda á tjóni stefnanda. Hvíli sönnunarbyrði á stefnda um hvort fyrrgreind lög og reglur hafi verið uppfyllt.

2) Rangar og brostnar forsendur

Stefnandi telur að þær röngu og brostnu forsendur sem lágu til grundvallar stofnfjárhækkuninni og lántöku hennar hjá Glitni banka hf., sem og brot stefnda á ákvæðum laga nr. 7/1936 um samningsveð, umboð og ógilda samninga leiði einnig til skaðabótaskyldu stefnda á tjóni stefnanda. Telur stefnandi að sú málsástæða hennar sé tilkomin vegna þess að starfsmenn SPV hafi ráðlagt stefnanda og tjáð henni að stofnfjárhækkunin og lántaka í því sambandi teldust örugg viðskipti. Forsendur stefnanda hafi verið þær að hún bæri enga persónulega ábyrgð á skuldbindingunum og ráðleggingum starfsmanna SPV um að arðgreiðslur bréfanna dygðu til afborgana af láninu. Telur stefnandi að samningur hennar um kaup á stofnfé hafi í raun verið ógildur samkvæmt meginreglu samningaréttar um rangar og brostnar forsendur.

3) Ógildanleiki og ósanngirni

Stefnandi kveðst ekki krefjast ógildingar á kaupsamningi um stofnfjárkaupin eða lánsamningi hjá Glitni banka hf., en byggir þess í stað á ógildanleika og ósanngirni þeirra sem málsástæðum fyrir skaðabótakröfu sinni. Vísar stefnandi í því sambandi til 29. gr. laga nr. 7/1936 um minni háttar nauðung. Henni hafi verið talin trú um að stofnfjáreign hennar skertist tæki hún ekki þátt auk þess sem stofnfjárukningin væri áhættalaus. Að auki hafi stjórn SPV virt að vettugi skyldur sínar samkvæmt þágildandi 2. mgr. 66. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt ákvæðinu hafi SPV borið skylda til að leggja ónýtta heimild til endurmats stofnfjár við kaupverð stofnfjárhlutarins sem hafi myndast við aukninguna. Hefði þetta verið gert hefðu eldri stofnfjáreigendur ekki þurft að þola þynningu á verðmæti eldri stofnfjárhlutanna eins og raunin hafi orðið. Þá vísar stefnandi til 30. gr. laga nr. 7/1936 um svik. Loforð SPV hafi legið fyrir um áskilda kosti um að stefnandi bæri enga persónulega áhættu af fjárfestingunni umfram andvirði stofnfjárbréfanna og að arðgreiðslur þeirra myndu nægja til að greiða niður höfuðstól og vexti lánsins sem stefnandi tók. Stefnandi vísar einnig til 33. gr. sömu laga, enda hafi verið óheiðarlegt af stefnda að bera samninginn fyrir sig. Þá vísar stefnandi til 36. gr. laganna. Stefnandi hafi enga sérþekkingu haft á fjármálamörkuðum og hafi því átt að njóta verndar sem almennur fjárfestir

samkvæmt lögum um fjárfestavernd. Starfsmenn SPV hafi á hinn bóginn verið sérfræðingar á sínu sviði. Telur stefnandi að Hæstiréttur hafi oft staðfest að röng ráðgjöf starfsmanna fjármálafyrirtækja leiði til þess að ósanngarnt sé talið að bera samning fyrir sig. Þá hafi atvik sem síðar komu til orðið þess valdandi að hagar stefnanda versnaði umtalsvert. Að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu í lok ársins 2008 hafi stofnfjáreigendur haldið eftir 9,96% hlut, Seðlabanki Íslands hafi farið með 55,3% stofnfjárins og nýir stofnfjáreigendur 34,8%. Telur stefnandi að skilyrðum sakarreglunnar um saknæma og ólögmeta háttsemi SPV sé því fullnægt.

4) Galli

Stefnandi telur að þar sem komið hafi í ljós að stofnfjárbréfin hafi skort þá eiginleika sem hún hafi mátt vænta, hafi þau verið haldin galla, og að hún eigi því með vísan til 40. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 rétt á skaðabótum. Beri stefndi hlutlæga bótaábyrgð á tjóni stefnanda og einnig á óbeinu tjóni hennar, þ.e. tjóni sem hún hafi orðið fyrir vegna afborgana af þeim lánaskuldbindingum sem stofnað hafi verið til vegna kaupa á bréfunum. Vísar stefnandi hér einnig til 69. gr. síðastnefndra laga.

Um orsakatengsl og sennilega afleiðingu

Stefnandi telur að vegna háttsemi SPV í tengslum við stofnfjárukninguna hafi stefnandi fengið ranga og villandi ráðgjöf, um að hún bæri ekki persónulega ábyrgð á láni sem hún tók samkvæmt ráðleggingum starfsmanna SPV, heldur kæmu arðgreiðslur til með að standa undir kostnaði hennar. Orsakatengslin séu því skýr og stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna kaupa á stofnfjárbréfunum og lántökunni. Hefði hún fengið fullnægjandi ráðgjöf hefði hún ekki orðið fyrir tjóni. Verði orsakatengsl hennar ekki talin nægjanleg þá telur hún að tjón hennar nemi þeirri fjárhæð sem hún greiddi fyrir stofnfjárbréfin að frádregnu virði þeirra í dag og greiddri arðgreiðslu, sbr. varakröfu.

Um sérfræðiábyrgð stefnda

Stefnandi telur skaðabótaábyrgð stefnda byggða á sakarreglunni og reglunni um húsbóndaábyrgð. SPV hafi verið sérfræðingur á sviði fjármálaþjónustu og beri sérfræðiábyrgð á tjóni stefnanda.

Um tjón stefnanda

Um tjón samkvæmt aðalkröfu tekur stefnandi fram að hún hafi skrifað undir skuldabréf í Glitni banka hf. í kjölfar hinnar villandi ráðgjafar um fjármögnun á stofnfjárhækkuninni. Stefnandi hafi nú greitt af láninu langt umfram það sem henni hafi verið fært að greiða með arðgreiðslum. Nemi tjón hennar þeim afborgunum og vöxtum auk annars kostnaðar sem hún hafi þurft að greiða vegna skuldabréfsins að frádregnu núverandi virði bréfanna sem hún hafi keypt fyrir lánsfjárhæðina og arðgreiðslum.

Verði ekki fallist á tjón stefnanda, samkvæmt aðalkröfu, krefst stefnandi skaðabóta úr hendi stefnda vegna þess tjóns sem hún hafi orðið fyrir með greiðslu kaupverðs stofnfjárbréfanna að frádregnu andvirði bréfanna í dag og þeirra arðgreiðslna sem hafi verið inntar af hendi.

Stefnandi lýsir í stefnu aðdraganda að málsókn sinni. Kemur þar m.a. fram að í kjölfar bankahrunsins 2008 hafi verið ráðist í fjárhagslega endurskipulagningu á SPV sem hefði haft veruleg áhrif á stofnfjäreignina með tilheyrandi tjóni fyrir stefnanda. Þann 21. júní 2010 hafi stofnfé sjóðsins lækkað úr 357 milljónum króna í 100 milljónir króna. Í kjölfar lækkunarinnar hafi stofnféð verið hækkað á nýjan leik án þess að stefndi og aðrir stofnfjárhafar hafi notið forkaupsréttar. Eftir aðalfund SPV þann 31. mars 2011 hafi útistandandi skuldir stefnda verið 996.589.000 krónur að nafnverði. Tekur stefnandi fram að á sama tíma hafi lán hennar sem hún tók hjá Glitni hf. til kaupa á hlutabréfunum hækkað mikið sem hafi orðið til þess að því hafi verið skilmálabreytt hinn 10. janúar 2011. Í kjölfar dóma Hæstaréttar í málum 117, 118 og 199/2011 þar sem staðfest hafi verið að stofnfjäreigendum í Byr sparisjóði hafi verið veitt villandi ráðgjöf sem rekja mætti til ónákvæmrar upplýsingagjafar Glitnis hf. er því lýst að með bréfi, dags. þann 14. janúar 2014 til Sparisjóðs Vestmannaeyja, hafi einn stofnfjäreigenda krafist greiðslu úr hendi SPV, og að þeirri kröfu hafi verið hafnað með bréfi lögmanns SPV, dags. 17. febrúar 2014. Er tekið fram að óvissa hafi lengi ríkt um virði stofnfjárbréfanna. Eftir samruna SPV við Landsbankann þann 29. mars 2015 hafi virði bréfanna að lokum legið fyrir. Af þeim sökum hafi stefnanda ekki verið kleift að höfða mál þetta, enda tjón hennar ekki legið fyrir fyrr en eftir framangreinda atburði.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi telur að í fullyrðingum stefnanda felist grundvallarmisskilningur um eðli þátttöku stefnanda og hlutverk SPV vegna stofnfjárukningarinnar. SPV hafi ekki veitt neina fjárfestingarráðgjöf, heldur hafi hver stofnfjäreigandi tekið sjálfstæða ákvörðun um þátttöku á sínum eigin forsendum. Sérhver stofnfjäreigandi hafi haft fullkomið frelsi um það hvort hann tæki þátt í aukningunni, en SPV hafi ekki staðið fyrir ráðgjöf um fjárfestinguna. Skjöl málsins bendi ekki heldur til þess að SPV hafi veitt ráðgjöf um fjárfestingarkostinn. Þá hafi ekki verið unnin nein útboðslýsing, þar sem FME hafi veitt undanþágu frá því enda gengi allt útboðið til forgangsréttarhafanna sem það einmitt gerði. Þá hafi bréf sem send voru stofnfjäreigendum, dags. 25. september 2007 og 7. nóvember 2007, ekki að geyma óeðlilega hvatningu eða hægna ráðgjöf í tengslum við stofnfjárukninguna. Auk

Þess höfðu ekki verið gerðar neinar áætlanir um arðgreiðslur sjóðsins, enda séu þær ekki ákveðnar fyrir fram, hvað þá að þeim yrði jafnað til skuldbindandi loforða um framtíðina. Engin fjárfesting sé áhættulaus og stefnandi hafi fjárfest á eigin forsendum. Telur stefndi fráleitt að fólk geti fjárfest í verðbréfum án áhættu. Stefnanda hafi mátt vera það ljóst að ákvörðun um þátttöku í stofnfjárukningunni hafi falið í sér áhættutöku. Stefndi geti ekki orðið skaðabótaskyldur vegna þess að stefnandi hafi ákveðið að taka þátt í að auka stofnfé sparisjóðsins í heimabæ sínum.

Stefndi telur skaðabótaskilyrðum um orsakatengsl og sennilega afleiðingu ófullnægt. Virði stofnbréfa stefnanda sé að finna í efnahagslegum og rekstrarlegum forsendum, en ekki í því hvað fólk hafi sagt við stefnanda.

Þá telur stefndi að ekkert liggi fyrir um að SPV hafi brotið gegn fyrirmælum laga um verðbréfavíðskipti, annarrar löggjafar, reglugerðar nr. 995/2007 eða þeirra tilskipana sem stefnandi vísi til, þannig að varði skaðabótaskyldu stefnda. SPV hafi ekki haft neinu hlutverki að gegna varðandi stofnfjárukninguna á grundvelli fyrrgreindra reglna. Hafi stefnandi mögulega átt rétt á skaðabótum á hendur einhverjum fyrir samruna stefnda og SPV þá hafi sá réttur ekki yfirfærst til stefnda í máli þessu.

Stefndi telur að vanhöld á því að gefa stofnbréfin út varði ekki skaðabótaskyldu. Auk þess hafi SPV aldrei gefið út stofnbréf nema í formi stofnfjármiða. Á grundvelli heimildar í samþykktum SPV frá október 2007 hafi verið hafin vinna við útgáfu stofnfjárbréfa með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð. Þeirri vinnu hafi ekki verið lokið þegar fjármálakerfið hrundi hér á landi.

Stefndi tekur fram að stefnandi hafi tekið ákvörðun um að fjárfesta í stofnfjárbréfum á eigin forsendum og geti ekki gert SPV eða stefnda ábyrga fyrir því hvaða mat hún lagði á spjall sem hún hafi átt við fólk um fjárfestingarkostinn. Auk þess liggi engin gögn fyrir um rangar eða ófullnægjandi ráðleggingar starfsmanna eða stjórnarmanna SPV til stefnanda eða þess efnis að ábyrgðarleysi hennar hafi verið forsenda hennar fyrir þátttöku í stofnfjárukningunni og lántökunni.

Stefndi tekur fram að engir útreikningar liggi að baki þeirri staðhæfingu stefnanda að 86% skerðing yrði á stofnfjárhluta stofnfjáreigenda ef þeir tækju ekki þátt í aukningunni. Stefndi áréttar að allir hafi haft val um hvort þeir tækju þátt í aukningunni eða ekki. Þá liggi ekkert fyrir um að SPV hafi virt að vettugi lagaskyldur sínar samkvæmt þágildandi 2. mgr. 66. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, en ákvæðið var svohljóðandi: *Það verð sem nýr stofnfjáreigandi skal greiða fyrir hlut, skal vera nafnverð hans að viðbætti ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 67. gr.* SPV hafi nýtt sér heimildir laga til endurmats stofnfjár og telur að allar heimildir til endurmats hafi verið fullnýttar þegar

stofnfjárukningin var samþykkt í október 2007. Innborgað stofnfé vegna stofnfjárukningarinnar árið 2007 hafi verið nafnverð, en eldra stofnfé hefði verið endurmetið að fullu. Allir stofnfjáreigendur hafi tekið þátt í aukningunni og því hafi engir nýir bæst við hópinn vegna aukningar. Hvað sem öðru líði verði skaðabótaskylda ekki reist á þessu atriði. Þá sé mótmælt allri umræðu stefnanda um samningalögin. Stefnandi hafi hvorki verið beitt nauðung né svikum. Stefnandi hafi auk þess ekki uppi ógildingarkröfur í málinu og því séu málsástæður hennar byggðar á ákvæðum samningalaga óskiljanlegar. Stefnandi hafi setið við sama borð og aðrir 69 stofnfjáreigendur og hafi ekki hreyft neinum andmælum við því hvernig staðið var að aukningunni á sínum tíma. Tómlæti hennar geri það að verkum að hún geti ekki haft uppi skaðabótakröfur nú átta árum síðar vegna þeirra reglna sem hafi gilt um aukninguna.

Stefndi mótmælir öllum málsástæðum stefnanda þess efnis að stofnféð hafi verið haldið galla með vísan til hlutverks SPV vegna þátttöku stefnanda í stofnfjárukningunni. Það að fjárfesting stefnanda hafi súrnað þegar fór að halla undan fæti í rekstri SPV leiði á engan hátt til þess að stofnfé teljist haldið galla þannig að varði skaðabótaskyldu. Því fari fjarri að gallahugtak laga um lausafjárkaup geti átt við um stofnféð. Þá telur stefndi að sá málatilbúnaður stefnanda að leggja ekki fram neina sönnun fyrir því sem allur málatilbúnaður hennar er reistur á veki upp spurningar um frávísun málsins frá dómi að sjálfsdáðum. Þá beri stefnandi sönnunarbyrði fyrir öllum fullyrðingum um hlutverk SPV við stofnfjárukninguna, eða að starfsmenn SPV hafi veitt rangar eða villandi upplýsingar, viðhaft nauðung eða svik eða beitt stefnanda öðrum þeim rangindum sem tilgreind eru í stefnunni.

Jafnvel þótt rétt reyndist að starfsmenn SPV hafi í samtölum við stefnanda talið þátttöku í stofnfjárukningunni góðan kost og jafnvel haldið að henni væntingum sínum um að bréfin myndu hækka í verði, leiði það ekki til þess að hún geti mörgum árum síðar endurkafið stefnda um lán sem hún tók hjá allt annarri fjármálastofnun til að standa straum af fjárfestingunni. Allra síst sé það mögulegt í formi skaðabótakröfu af því tagi sem stefnandi hafi uppi. Hvað sem því líði sé ekki unnt að líta svo á að allar ráðleggingar um kaup á hlutabréfum, stofnfjárbréfum eða öðrum slíkum bréfum, sem síðar lækki í verði, sem óhjákvæmilega leiðir til taps fyrir kaupandann, sé röng eða gölluð ráðgjöf. Slíkt geti ekki eitt og sér leitt til þess að sá er ráðin veitti verði skaðabótaskyldur gagnvart þeim er kaus að fylgja ráðunum. Það felist í eðli ráðgjafar um kaup á fjármálagerningum að um sé að ræða spá um þróun verðmætis þeirra sem enginn viti hvort muni standast. Það að gengi slíkra gerninga hækki ekki í samræmi við spá ráðgjafans, leiði því ekki eitt og sér til þess að ráðin teljist gölluð eða röng.

Stefndi telur að ekki sé unnt að beina skaðabótakröfu gegn honum vegna meintrar saknæmrar háttsemi sem starfsmenn eða stjórnarmenn SPV eigi að hafa sýnt af sér, enda geti bankinn ekki borið ábyrgð því sem fram kunnir að hafa komið í almennum spjalli starfsmanna eða eftir atvikum stjórnarmanna SPV við stefnanda. Slík ábyrgð verði aldrei færð yfir á stefnda. Telji stefnandi sig eiga skaðabótakröfu á hendur starfsmönnum eða stjórnarmönnum beri henni að sækja þá kröfu á hendur þeim, enda sé hún stefnda óviðkomandi þar sem hann beri ekki húsbóndaábyrgð eða annars konar ábyrgð á fyrrum starfsmönnum eða stjórnarmönnum SPV.

Stefndi telur að orsakatengsl milli þess að stefnandi tók lán hjá Glitni og meints tjóns hennar séu ekki til staðar. Aðalkröfu stefnanda er þ.a.l. mótmælt. Stefndi geti ekki þurft að bæta stefnanda fjárhæð sem nemi því sem hún telji sig hafa tapað vegna ákvörðunar um að taka lán. Aðili geti ekki ákveðið að taka lán til að fjárfesta og kafið síðan meintan bótaskyldan aðila um tjón er nemi afborgunum, vöxtum og öðrum kostnaði af lántökunni. Stefndi verði sjálf að bera ábyrgð á lántöku sinni og þær fjárhæðir sem hún hefur þannig greitt eru ekki sennileg afleiðing meintrar bótaskyldrar háttsemi starfsmanna eða stjórnarmanna SPV. Fjárhæð bæði aðal- og varakröfu stefnanda sé því mótmælt enda liggi ekki fyrir nægileg reifun eða sönnun á meintu fjártjóni stefnanda í skjölum málsins.

Þá mótmælir stefndi öllum kröfum stefnanda á þeim grundvelli að þær séu fallnar niður fyrir fyrningu. Samkvæmt 9. gr. fyrningarlaganna nr. 150/2007 fyrnist krafa um skaðabætur á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Verði litið svo á að kröfur stefnanda séu á grundvelli einhvers konar samningsambands hennar og SPV fyrnist kröfur um skaðabætur innan samninga eftir almennum reglum sem fram koma í 2. og 3. gr. laganna á fjórum árum frá gjalddaga. Sami fyrningarfrestur átti við samkvæmt eldri fyrningarlögum nr. 14/1905 um skaðabótakröfur innan samninga sbr. m.a. 3. gr. laganna. Skaðabótakröfur af því tagi sem stefnandi geri fyrnist þannig á fjórum árum, en fyrningarfrestur var rofinn með birtingu stefnunnar í málinu hinn 24. júní 2015. Allar kröfur stefnanda séu þannig löngu fyrndar hvort sem þær teljist hafa stofnast í gildistíð eldri fyrningarlaga nr. 14/1905 eða nógildandi fyrningarlaga nr. 150/2007.

Loks er vaxtakröfum stefnanda mótmælt, einkum dráttarvaxtakröfum hennar. Hvað sem öðru líður getur ekki verið rétt að láta stefnda greiða dráttarvexti frá þingfestingardegi málsins. Vaxtakröfum sem eru eldri en fjögurra ára er mótmælt þar sem þær eru fyrndar.

Stefnandi byggir málsókn sína einkum á því að stefndi hafi sýnt af sér bótaskyld atferli með því að ráðleggja henni að kaupa stofnfjárbréf í Sparisjóði Vestamannaeyja (SPV) með lántöku sem hún tók hjá Glitni banka hf., sem síðan hafi leitt til tjóns fyrir hana. Það hafi verið forsenda hennar fyrir kaupunum að hún bæri ekki persónulega ábyrgð á þeim, að arðgreiðslurnar dygðu til afborgana og að bréfin sjálf stæðu til tryggingar skuldbindingunum. Tjón stefnanda samkvæmt aðalkröfu er miðað við allar afborganir og vexti auk annars kostnaðar vegna skuldabréfsins að frádregnu núverandi virði stofnfjárbréfanna. Varakrafan er miðuð við kaupverð stofnfjárbréfanna að frádregnu virði bréfanna í dag og arðgreiðslum, en annarra málsástæðna hefur áður verið getið.

Stefndi mótmælir öllum málsástæðum stefnanda og krefst sýknu. Af hálfu stefnda er krafa um sýknu m.a. byggð á þeirri málsástæðu að krafa stefnanda sé fyrnd hvort sem litið sé til eldri eða yngri fyrningarlaga.

Í máli þessu krefst stefnandi skaðabóta úr hendi stefnda vegna tjóns sem hún telur sig hafa orðið fyrir vegna kaupa sinna á stofnfjárbréfum í SPV samkvæmt umsókn hennar um áskrift að stofnfé sparisjóðsins, dags. 28. nóvember 2007. Er óumdeilt að stefnandi hafi greitt fyrir stofnfjárbréfin með láni sem hún tók hjá Glitni banka hf., 12. desember s.á. og að eindagi kaupverðs úthlutaðra stofnfjárhluta hafi verið 14. desember s.á.

Miðað við lagaskilareglu 28. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda telur dómurinn að lög nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda gildi um kaup stefnanda á hinum umþrættu stofnfjárbréfum.

Samkvæmt stefnu er málatilbúnaður grundvallaður á reglum um skaðabætur innan samninga. Reisir stefnandi bótakröfu sína á „kaupsamningi um stofnfjárkaupin“ og vísar í því sambandi m.a. til meginreglna kröfuréttar, samningaréttar og skaðabótaréttar. Málatilbúnaður stefnanda við munnlegan flutning málsins stangast því á við stefnu, en við munnlegan flutning málsins var því haldið fram að um væri að ræða kröfu um skaðabætur utan samninga. Er sú málsástæða stefnanda of seint fram komin og kemur hún því ekki til frekari skoðunar.

Í stefnu er gerð grein fyrir aðdraganda að málsókn stefnanda. Kemur þar m.a. fram að í kjölfar bankahrunsins 2008 hafi verið ráðist í fjárhagslega endurskipulagningu á SPV sem hefði haft veruleg áhrif á stofnfjáreignina með tilheyrandi tjóni fyrir stefnanda. Þann 21. júní 2010 hafi stofnfé sjóðsins lækkað úr 357 milljónum króna í 100 milljónir króna. Í kjölfar lækkunarinnar hafi stofnféð verið hækkað á nýjan leik án þess að stefnandi og aðrir stofnfjárhafar hafi notið forkaupsréttar. Eftir aðalfund SPV þann 31. mars 2011 hafi útistandandi skuldir SPV verið 996.589.000 krónur að nafnverði.

Fyrningarfrestur kröfu sem byggist á samningum er fjögur ár, sbr. 1. tölul. 3. gr. laga nr. 14/1905. Hér að framan hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að krafa stefnanda teljist skaðabótakrafa innan samninga. Fyrnist því meint krafa stefnanda á fjórum árum. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905, telst fyrningarfrestur frá þeim degi er krafa varð gjaldkræf. Forsendur kaupa stefnanda á stofnfjárbréfunum hafa áður verið raktar. Samkvæmt málatilbúnaði stefnanda var ráðist í fjárhagslega

endurskipulagningu á SPV í kjölfar bankahrunsins sem þá þegar hafði neikvæð og veruleg áhrif til tjóns fyrir stefnanda miðað við máflutning hennar sjálfar. Óumdeilt er að þann 21. júní 2010 var stofnfé sparisjóðsins lækkað verulega eða úr 357 milljónum króna í 100 milljónir. Þykir augljóst að gjalddagi skaðabótakröfu stefnanda, eins og henni er lýst í stefnu, hafi í síðasta lagi verið fyrrgreindur dagur enda augljóst að eftir það var engin von til þess að fyrrgreindar forsendur stefnanda gætu staðist. Er það því niðurstaða dómsins að krafa stefnanda hafi verið fallin niður fyrir fyrningu þegar stefna í málinu var birt stefnda þann 24. júní 2015. Verður stefndi, Landsbankinn hf. í máli þessu þegar af þeirri ástæðu sýknaður af öllum kröfum stefnanda, Svanhildar Guðlaugsdóttur.

Eftir úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber stefnanda að greiða stefnda 700.000 krónur í málskostnað.

Fanney Hrund Hilmarsdóttir hdl. flutti málið fyrir stefnanda.

Stefán Geir Þórisson hrl. flutti málið fyrir stefnda.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ:

Stefndi, Landsbankinn hf., er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, Svanhildar Guðlaugsdóttur.

Stefnanda ber að greiða stefnda 700.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir (sign.)